



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Guðbjörg Gunnarsdóttir <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>

Re: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til kvikmyndatöku á verndarsvæði Mývatns og Laxár
Sent: 25.07.2018 13:23:20 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018070020, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2018070020

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 24. júlí sl. og meðfylgjandi tölvupósts dags. sama dag, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um leyfi til kvikmyndatöku með dróna við Skútustaðagíga, Voga og Dimmuborgir en öll svæðin eru innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Í umsókninni kemur einnig fram að sótt er um kvikmyndatöku á fleiri friðlýstum svæðum en ekki er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna kvikmyndatöku þar. Umhverfisstofnun óskar eftir því að erindinu sé svarað sem fyrst og helst fyrir lok vinnudags þann 25. júlí.

Náttúrufræðistofnun hefur fullan skilning á því að það geta komið upp aðstæður þar sem óskað er eftir umsögn um ákveðin mál með hraði. Hér er hins vegar um að ræða að taka ákvarðanir um leyfisveitingar innan friðlýstra svæða þar sem t.d. lífríki getur verið viðkvæmt á þessum tíma, Mývatn og Laxá (fuglalíf almennt) og Dimmuborgir (m.a. varpstaður fálka). Einnig þarf að horfa til þess að þetta eru fjölsóttir ferðamanna staðir þar sem fólk kemur kannski einu sinni á ævinni og vill njóta þeirra án truflunar frá umferð dróna yfir höfði sér.

Til að svara erindi af þessu tagi þarf tíma til að kynna sér aðstæður á viðkomandi svæði t.d. stöðu varps, hvar fuglar með unga halda sig á þessum tíma en aðstæður geta verið mjög ólíkar frá ári til árs og því nauðsynlegt að hafa sem bestar upplýsingar áður en leyfi er veitt.

Náttúrufræðistofnun vill varpa því fram hvort ekki sé nauðsynlegt að setja reglur um afgreiðslur svona erinda þ.e.a.s. að erindi þurfi að berast fyrir ákveðin tíma eigi þau að fá afgreiðslu m.a. svo umsagnaraðilar hafi tíma til að afgreiða mál á eðlilegan hátt. Ef aðstæður í náttúrunni breytast þannig að forsendur fyrir leyfisveitingu séu brostnar þá þarf einfaldlega að tryggja að leyfi séu gefin út með skilyrðum sem heimila að afturkalla þau. Einnig þarf að skoða að kvikmyndataka með drónum getur opnað fyrir kynningu á svæðum sem áður voru minna þekkt t.d. viðkvæm fuglasvæði en einnig þarf að skoða hvað mörg leyfi (sértaklega hvað varðar flug dróna) er ásættanlegt að veita árlega t.d. vegna almennrar truflunar fyrir lífríki og ferðamenn.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur undir höndum þá ætti að vera óhætt vegna lífríkis að heimila kvikmyndatöku við Voga og Skútustaðagíga með þeim hætti sem lagt er til. Stofnunin tekur ekki afstöðu til þess hvort heimila eigi kvikmyndatöku vegna almennrar truflunar t.d. fyrir ferðamenn.

Hvað Dimmuborgir varðar þá hefur ekki tekist á núverandi stundu að afla upplýsinga um stöðu fálkavarpsins þar (varp var í Dimmuborgum í ár) en fullvíst er að drónar verða ekki velkomnir inn á óðal fálkans þar. Náttúrufræðistofnun getur því ekki mælt með leyfi til kvikmyndatöku í Dimmuborgum fyrr en að frekari upplýsingar liggja fyrir.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Guðbjörg Gunnarsdóttir <guðbjorg@umhverfisstofnun.is>
Date: 24.07.2018 14:29:25
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>
cc: Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is>, Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Subject: beiðni um umsögn

Sæll Trausti.

Meðfylgjandi er beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar um leyfi til kvikmyndatöku á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Áætlað er að kvikmyndatakan fari fram á mánudag og við þurfum því að afgreiða þetta frá okkur á afgreiðslufundi á fimmtudag. Er einhver möguleiki að þú getir sent okkur umsögn á morgun? Vinsamlegast athugaðu að nákvæm flugleið drónans er ekki rétt við Skútustaðagíga og höfum við kallað eftir réttum gögnum en þau hafa ekki borist ennþá.

Bestu kveðjur, Best regards

Guðbjörg Gunnarsdóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið samþættingar, Department of Integration

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: [+354 591 2000](tel:+3545912000)
Bréfasími / Fax: [+354 591 2010](tel:+3545912010)

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

[attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "beiðni um umsögn-NI.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "umsókn.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_Dimmuborgir.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_East Side Lake Myvatan.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_South Lake Myvatn - Skútustaðagígar.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "beiðni um umsögn-NI.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "umsókn.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_Dimmuborgir.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_East Side Lake Myvatan.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Copy of Flight Paths Risk Assmnt_South Lake Myvatn - Skútustaðagígar.xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]